

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

191
22. nóv.

31. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

32. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

33. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Patrekshafnar.

34. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og síðari breytingum á þeim, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Patreksfjarðarkauptún, nr. 16 18. febr. 1944, og reglugerð nr. 98 20. júní 1944, um breyting á fyrrnefndri reglugerð.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ
um Rafveitusjóð Eyjafjarðarsýslu.

192
24. nóv.

1. gr.

Til þess að standa straum af héraðsframlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Eyjafjarðarsýslu og að stuðla að því á annan hátt, að fullnægt verði þörfum íbúa sýslunnar á raforku, stofnar sýslan sjóð, er nefnist Rafveitusjóður Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Í rafveitusjóð skulu renna:

- a. heimtaugargjöld samkv. 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar;
- b. hluti Eyjafjarðarsýslu af tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins, samkv. 30. gr. raforkulaganna;

- 192 c. vextir af fé sjóðsins.
 24. nóv. Sjóðnum má enn fremur afla tekna
 d. með niðurjöfnun á hreppsfélög sýslunnar, allt að 5 af hverju þúsundi af virðingarkerfi skattskyldra fasteigna samkv. fasteignamati;
 e. á hvern þann hátt annan, sem sýslunefnd ákveður og lög heimila.

3. gr.

Sýslunefnd getur tekið lán handa rafveitusjóði, ef gjöld sjóðsins verða í bili meiri en tekjur hans hrökkva fyrir, en vextir og afborganir af þeim lánum teljast síðan til gjalda sjóðsins.

4. gr.

Hver sá, er óskar eftir að kaupa rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni, skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess, og má þá krefjast þess að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirætlunum 5. gr.

5. gr.

Heimtaugargjald hvers rafmagnskaupanda skal vera 40 af hverju hundraði af samanlögðu fasteignamatsverði lands og húsa að viðbættum 2000 krónum, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulína hinnar fyrirhuguðu veitu ekki yfir 1 km á hvern rafmagnskaupanda að meðaltali.

Fari línulengd fram úr því, skulu heimtaugargjöld rafmagnskaupenda hinnar fyrirhuguðu veitu hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla kaupendurna, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín í milli.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar hefur allt bókhald, fjárreiður og innheimtu fyrir rafveitusjóð. Hann semur árlega reikning rafveitusjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld rafveitusjóðs yfirstandandi árs. Skal oddviti sýslunefndar leita tillagna raforkumálastjóra um lagningu nýrra héraðsrafmagnsveitna og aukningar eldri veitna í sýslunni á hverju ári nægilega snemma, til þess að leggja þær fyrir fundinn. Framlag til héraðsrafmagnsveitu getur sýslunefndin bundið við ákveðin mannvirki. Afrit af rafveitusjóðsreikningnum, og áætlun um tekjur og gjöld, skal oddviti sýslunefndar senda raforkumálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Úr rafveitusjóði má ekki greiða styrk til annarrar héraðsrafmagnsveitu í sýslunni en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, nema veitan hafi reglugerð, staðfesta af ráðherra, er heimili henni að njóta styrks úr rafveitusjóði sýslunnar, og rafmagnsnotendur hennar greiði sjóðnum heimtaugargjöld samkvæmt 4. og 5. grein þessarar reglugerðar.

8. gr.

Ef einstakir bændur í sýslunni eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, má veita þeim til þess lán úr rafveitusjóði allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar með 2% vöxtum til 15 ára, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi raforkumálastjóra. Umsóknir um lán úr sjóðnum sendist oddvita sýslunefndar, en sýslunefnd ákveður lánveitingar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist 192 hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi 24. nóv. og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. nóvember 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Njarðvík.

193

25. nóv.

1. gr.

Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar í Njarðvík.

Óheimilt er skipum í Njarðvíkurhöfn að taka vatn annars staðar í Njarðvík en úr æðum vatnsveitu Njarðvíkurhrepps, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatns-söllumaður eða vatnsveitunefnd ákveða.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefndinni skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með vatnsveitukerfinu og annast önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

3. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar, og má enginn leggja vatnsæðar frá vatnsveitunni annar en á eða þeir, sem vatnsveitunefnd felur það starf.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Njarðvíkur, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um til hvers vatnið skuli notað.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum kaupsinsins að húsvegg og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

4. gr.

Skytt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá götulögnum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns og með þeim útbúnaði, sem að þeirra dómi má teljast tryggur.